

REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð nr. 1263/2018 um stuðning við garðyrkju.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 19. gr. reglugerðarinnar:

- a) 1. másl. 1. mgr. hljóðar svo: Magnliðir og fastagjald í gjaldskrá dreifiveitu fyrir flutning og dreifingu skulu greiddir niður um allt að 95%, en framleiðendur garðyrkjuafurða skulu greiða að lágmarki 5%.
- b) 2. másl. 1. mgr. fellur brott.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í búvörulögum nr. 99/1993, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 23. janúar 2019.

Kristján Þór Júlíusson

sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

Ása Þórhildur Þórðardóttir.